

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

94/EES/49/01	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókuar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstóllinn - Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum.....	01
	3. EFTA-dómstóllinn	
94/EES/49/02	Beiðni um ráðgefandi álit frá Marknadsdomstolen samkvæmt fyrirællum þess dómstóls frá 30. ágúst 1994 í máli Konsumentombudsmannen gegn Agostini (Svenska) Förlag AB (Mál E-4/94).....	03
94/EES/49/03	Beiðni um ráðgefandi álit frá Marknadsdomstolen samkvæmt fyrirællum þess dómstóls frá 30. ágúst 1994 í máli Konsumentombudsmannen gegn TV-Shop i Sverige AB (Mál E-5/94).....	03
94/EES/49/04	Beiðni um ráðgefandi álit frá Högsta domstolen samkvæmt fyrirællum þess dómstóls frá 12. september 1994 í máli Data Delecta Aktiebolag og Ronny Forsberg gegn MSL Dynamics Limited (Mál E-7/94).....	04

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/49/05	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. október 1994 varðandi málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (IV/34.776 - Pasteur Mérieux - Merck).....	05
94/EES/49/06	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. nóvember 1994 varðandi málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans (IV/34.410 - Olivetti-Digital)....	05
94/EES/49/07	Ríkisaðstoð - Nr. C 38/94 (NN 49/94) - Ítalía.....	06
94/EES/49/08	Ríkisaðstoð - C 37/94 (NN 10/93) - Spánn.....	06
94/EES/49/09	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum.....	06
94/EES/49/10	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 14. 11. til 18. 11. 1994.....	07
94/EES/49/11	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	08
94/EES/49/12	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.537 - Sidmar/Klöckner (II)).....	09
94/EES/49/13	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.511 - Texaco/Norsk Hydro).....	10

3. Dómstóllinn

94/EES/49/14	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	11
94/EES/49/15	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	12

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn

94/EES/49/01

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt þann:	28. 9. 1994	Ákvörðunin var samþykkt þann:	13. 10. 1994
EFTA-ríki:	Noregur	EFTA-ríki:	Austurríki
Aðstoð nr.:	94-011	Aðstoð nr.:	94-034
Titill:	Breyting á áætlunum um byggðaaðstoð-enduruppbygging hefðbundinnar starfsemi Sama	Titill:	„Aðstoðaráætlun fyrir hefðbundnar krár í Neðra-Austurríki“ (Niederösterreich)
Markmið:	Byggðaaðstoð við sveitarfélögin Karasjok, Kautokeino, Porsanger og Tana í Finn-mörku.	Markmið:	Fjárfestingaraðstoð við lítil sækerafyrirtæki
Lagalegur grunnur:	Lög nr. 97 frá 3. júlí 1992, Dreifibréf H-2/93 um byggðaaðstoð við fyrirtæki sem er stjórnað af SND (Statens nærings- og distriktutvöklingsfond, þ.e. opinber sjóður til styrktar atvinnulífi og byggðapróun í Noregi) og staðaryfirvöldum, Konungstilskipun frá 10. desember 1993 um „reglugerðir um afmörkun á landfræðilegum svæðum sem byggðapróun tekur til“	Lagalegur grunnur:	<i>Niederösterreichische Wirtshaus-Förderungsaktion</i>
Fjárveiting:	Áætluð fjárveiting fyrir árið 1995: 30 milljónir NOK	Fjárveiting:	3 milljónir ATS á ári
Gildistími:	Til 31. desember 1998	Styrkleiki aðstoðar:	Allt að 13,6% brúttó, að öðrum áætlunum meðtöldum
		Gildistími:	31. desember 1999
		Skilyrði:	-

Ákvörðunin var samþykkt þann:	19. 10. 1994
EFTA-ríki:	Finnland
Aðstoð nr.:	94-035
Titill:	Styrkir og mjúk lán vegna rannsókna og þróunar í iðnaði
Markmið:	Stuðla að rannsóknum og þróun til að hanna vörur sem eru samkeppnishæfar á alþjóðamarkaði, bæta framleiðsluaðferðir og þjónustu
Lagalegur grunnur:	Ákvörðun ríkisráðsins varðandi styrki og lán vegna R&D (<i>Valtioneuvoston päätös teknologiseen tutkimukseen ja kehitykseen myönnettävien avustusten ja lainojen yleisistä ehdoista</i>)
Styrkleiki aðstoðar:	Grunniðnaðarrannsóknir: 50% Hagnýtar rannsóknir og þróun: 25%
Gildistími:	Ótakmarkaður
Skilyrði:	- Sundurliðuð ársskýrsla - Tilkynning um einstök tilvik sem fara yfir 20 milljónir ECU (30 milljónir ECU vegna EUREKA-verkefna þar sem innlend yfirvöld láta í té í fjórar milljónir ECU)

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni um ráðgefandi álit frá Marknadsdomstolen samkvæmt 94/EES/49/02 fyrirmælum þess dómstóls frá 30. ágúst 1994 í máli Konsumentombudsmannen gegn Agostini (Svenska) Förlag AB

(Mál E-4/94)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólum samkvæmt fyrirmælum frá 30. ágúst 1994 frá Marknadsdomstolen (Markaðsdómstóllinn) í Svíþjóð, sem barst skrifstofu dómstólsins þann 12. september 1994, um ráðgefandi álit í máli Konsumentombudsmannen (umboðsmaður neytenda) gegn De Agostini (Svenska) Förlag AB að því er varðar eftirfarandi spurningu:

1. Hindrar 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/552/EBE (sjónvarpstilskipunin), eða meginreglan um

útsendingarríkið sem þar er kveðið á um, móttökuríkið í að grípa til ráðstafana vegna auglýsingar sem auglýsandi dreifir í gegnum sjónvarpsútsendingar frá öðrum EES-ríkjum?

2. Samrýmist beiting ákvæðis 1. mgr. 11. gr. í Radiolagen (sænsku útvarpslögin), sem bannar auglýsingar sem beint er til barna, 11. gr. EES-samningsins?

Beiðni um ráðgefandi álit frá Marknadsdomstolen samkvæmt 94/EES/49/03 fyrirmælum þess dómstóls frá 30. ágúst 1994 í máli Konsumentombudsmannen gegn TV-Shop i Sverige

(Mál E-5/94)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólum samkvæmt fyrirmælum frá 30. ágúst 1994 frá Marknadsdomstolen (Markaðsdómstóllinn) í Svíþjóð, sem barst skrifstofu dómstólsins þann 12. september 1994, um ráðgefandi álit í máli Konsumentombudsmannen (umboðsmaður neytenda) gegn TV-Shop i Sverige AB að því er varðar eftirfarandi spurningu:

Hindrar 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/552/EBE (sjónvarpstilskipunin), eða meginreglan um útsendingarríkið sem þar er kveðið á um, móttökuríkið í að grípa til ráðstafana vegna auglýsingar sem auglýsandi dreifir í gegnum sjónvarpsútsendingar frá öðrum EES-ríkjum?

**Beiðni um ráðgefandi álit frá Högsta domstolen samkvæmt 94/EES/49/04
fyrirmælum þess dómstóls frá 12. september 1994 í máli Data Delecta
Aktiebolag og Ronny Forsberg gegn MSL Dynamics Limited**

(Mál E-7/94)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt fyrirmælum frá 12. september 1994 frá Högsta domstolen (Hæstiréttur), í Svíþjóð, sem barst skrifstofu dómstólsins þann 26. september 1994, um ráðgefandi álit í máli Data Delecta Aktiebolag og Ronny Forsberg gegn MSL Dynamics Limited, að því er varðar eftirfarandi spurningu:

Í máli fyrir héraðsdómi, varðandi greiðslu fyrir afhendingu á vöru, fara sænsku varnaraðilarnir fram á að sóknaraðilinn, sem

er breskt fyrirtæki, leggi fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í samræmi við 1. kafla í lögum (1980:307) um skyldu erlendra sóknaraðila til að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar.

Brýtur það í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið - einkum 4. gr. - að fara fram á að sóknaraðili, sem er breskur lögaðili, leggi fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar ef engin hliðstæð krafa er gerð til sænskra lögaðila?

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. október 1994 94/EES/49/05 **varðandi málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-** **samningsins (IV/34.776 - Pasteur Mérieux - Merck)**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 6. október 1994 varðandi málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins í Stjttíð. EB nr. L 309, 2.12.1994. Því er lýst yfir að skv. 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins sé hvorki unnt að beita ákvæðum 1. mgr. 85. EB-sáttmálans né 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins

- gagnvart röð samninga þar sem Pasteur Mérieux Sérums et Vaccins og Merck & Co. Inc. skipuleggja fyrirliggjandi starfsemi með bóluefni fyrir menn, ónæmisglóbúlín, sjúkdómsgreiningu á lifandi líkama og viðskipti með blóðvökva á skilgreindum yfirráðasvæðum EB og EFTA í gegnum fyrirtæki undir sameiginlegum yfirráðum, Pasteur Mérieux MSD S.N.C. (fyrirtækið um sameiginlega verkefnið),
- gagnvart umboðssamningi fyrir Hep B bóluefni, fleirgilt tæknimiðlunarleyfi (Multivalent Technology Transfer Licence), og Hib framleiðslu- og dreifingarleyfi milli fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið og Behringswerke AG og
- gagnvart Hib framleiðslu- og dreifingarleyfi milli fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið og Pierre Fabre Médicament SA.

Undanþágan gildir þar til 31. desember 2006 (sjá nánari útlistun í fyrnefndum Stjttíð. EB).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. nóvember 1994 94/EES/49/06 **varðandi málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans** **(IV/34.410 - Olivetti-Digital)**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 11. nóvember 1994 varðandi málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans í Stjttíð. EB nr. L 309, 2.12.1994. Framkvæmdastjórnin hefur enga ástæðu til að hefja aðgerðir samkvæmt 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans varðandi tilkynnta samninga milli Olivetti og Digital er varða samstarf á mörkuðum með tölvukerfi, að undanskildum kaupskuldbindingum varðandi vörur sem byggjast á Alpha AXP- tækni. Því er lýst yfir að ekki sé unnt að beita ákvæðum 1. mgr. 85. gr. á tímabilinu 30. 7. 1992 til 25. 6. 2002 gagnvart kaupskuldbindingum (sjá nánari útlistun í fyrnefndum Stjttíð. EB).

Ríkisaðstoð
Nr. C 38/94 (NN 49/94)
Ítalía

94/EES/49/07

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Ítalía veitti Lloyd Triestino S.p.A di Navigazione og Italia S.p.A di Navigazione (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 333, 29. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar, við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Ríkisaðstoð
C 37/94 (NN 10/93)
Spánn

94/EES/49/08

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem er innifalin í lánatryggingu sem Spánn (stjórn Baskahéraða) veitti Guascor S.A. (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 338, 2. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar, við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spán.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr.
EB-sáttmálans
Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum

94/EES/49/09

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til til að styðja hagnýtar rannsóknir og þróun, ríkisaðstoð nr. N 447/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 339, 3. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Portúgal lagði til vegna fiskveiðimála (PROPESCA), ríkisaðstoð nr. N 527/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 339, 3. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til vegna kaupa á fiskiskípum, ríkisaðstoð nr. N 540/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 339, 3. 12. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til vegna vinnslu og markaðssetningar á fiskafurðum, ríkisaðstoð nr. N 374/B/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 339, 3. 12. 1994).

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin
sendi ráðinu á tímabilinu 14. 11. til 18. 11. 1994**

94/EES/49/10

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmda- stjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(94) 497	CB-CO-94-524-EN-C ⁽¹⁾	Endurskoðuð tillaga að ákvörðun ráðsins um aðgerðaáætlun vegna framkvæmdar á stefnu Evrópubandalagsins hvað varðar starfsþjálfun Leonardo da Vinci-áætlunin	15.11.1994	15.11.1994	20
COM(94) 501	CB-CO-94-525-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um framfylgd alþjóðastaðla um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað um borð og starfsskilyrði, og varða flutninga þar sem hafnir bandalagsins eru notaðar og siglt er á hafsvæði undir lögsögu aðildarríkja	15.11.1994	15.11.1994	15
COM(94) 483	CB-CO-94-510-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um röð leiðbeininga vegna þróunar samnetsins (ISDN) sem Evrópunets Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins um samþykkt aðgerða bandalagsins til margra ára hvað varðar þróun samnetsins (ISDN) sem Evrópunets	17.11.1994	17.11.1994	37
COM(94) 489	CB-CO-94-518-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að ákveða, fyrir markaðsárið 1994/95, hlutföllin, sem um getur í a-lið, 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 426/86 í tengslum við framlög sem greidd eru vegna vara sem eru unnar úr tótmötum	16.11.1994	17.11.1994	6
COM(94) 503	CB-CO-94-529-EN-C	Endurskoðuð tillaga að tilskipun ráðsins um að setja grundvallarreglur um rannsóknir á flugslysum og-óhöppum	17.11.1994	17.11.1994	4
COM(94) 436	CB-CO-94-468-EN-C	Greiðslur úr ESB-sjóðum:Gagnsæi, árangur og stöðugleiki Orðsending til Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins, Peningamálastofnunar Evrópu og efnahags- og félagsmálanefndarinnar Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um millifærslur milli landa Drög að auglýsingu um beitingu samkeppnisreglna EB gagnvart millifærslukerfum milli landa	18.11.1994	18.11.1994	57
COM(94) 491	CB-CO-94-520-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um að setja reglur fyrir örverufræðileg próf með sýnatöku úr fersku kjöti sem senda á til Finnlands, Noregs og Svíþjóðar	17.11.1994	18.11.1994	8

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/49/11

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
94-0280-B	Tækniforskrift fyrir notendabúnað sem tengja á við belgíska samnetið - viðbótarþjónusta (BE-SP-309 útgáfa frá 14-06-1994)	15.12.1994
94-0281-UK	Reglugerð frá 1994 um hljóðdeyfi fyrir bifhjól	15.12.1994
94-0282-F	Fyrirmæli um samþykki mælistöðva við vegi sem veita upplýsingar vegna ákvarðanatöku varðandi vetrarþjónustu	15.12.1994
94-0283-D	Tæknileg afhending og prófunaraðstæður vegna húðunar, lokahúðunar og efna sem er sprautað í reipi og kapla í brúarmannvirkjum	20.12.1994
94-0284-D	Tæknileg samningsskilyrði fyrir brúarkaðla sem eru notaðir í brúarmannvirkjum	20.12.1994
94-0285-D	Öryggisreglugerð vegna vinnupalla og öryggisvinnupalla, áfastra vinnupalla fyrir mannvirki úr stáli og önnur mannvirki (ZH-1-534.5.)	20.12.1994
94-0286-D	Breyting á skrá B yfir almennar stjórnsýslureglugerðir í tengslum við lög um tæknileg vinnuefni frá mars 1992, þar með talin ný útgáfa af ZH-1-295 „Reglur um öryggisbúnað sem er notaður við radiósendingar frá stjórnstöð“	20.12.1994
94-0287-D	Breyting á skrá B yfir almennar stjórnsýslureglugerðir í lögum um tæknileg vinnuefni frá mars 1992, þar með talin ný útgáfa af ZH-1-584 „Reglur um öryggishliðarskýli fyrir þök og veggir til að verja gegn fallandi hlutum á meðan á byggingavinnu stendur“	20.12.1994
94-0288-D	Gerðarsamþykkisreglugerð BAPT 211 ZV 11-26 GHz um stafrænan radióendurvarpsbúnað á tíðnisviðinu 26 GHz	22.12.1994
94-0289-DK	Fyrirmæli um markaðssetningu myndbanda	21.12.1994

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.537 - Sidmar/Klöckner (II))**

94/EES/49/12

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. 11. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Sidmar N.V., sem tilheyrir Arbedsamstæðunni, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr., eitt yfirráð yfir Klöckner Stahl GmbH. Fyrirtækið Sidmar leggur til að nota kauprétt sem það samdi um við Hibeg (Hanseatische Industrie - Beteiligungen GmbH).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Sidmar: flatar vörur úr stáli
 - Klöckner Stahl: flatar vörur úr stáli
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 347, 8. 12. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.537 - Sidmar/Klöckner (II), og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.511 - Texaco/Norsk Hydro)****94/EES/49/13**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. 12. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Texaco Inc. og Norsk Hydro a.s. sameina viðskipti sín á sviði heildsölu- og smásölu-dreifingar á olúvörum í Danmörku og Noregi í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni þar sem hvort um sig á 50%. Viðkomandi svið samfylkingarinnar taka til dreifingar á bensíni, gasolíu, smurolíu, þungri bensínolíu og starfsemi sem samsvarar starfsemi bensínstöðva.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Texaco Inc.: olúfyrirtæki með blandaða starfsemi (rannsóknir, framleiðsla, hreinsun og markaðssetning)
 - Norsk Hydro a.s.: olúfyrirtæki með blandaða starfsemi: (rannsóknir, framleiðsla, hreinsun og markaðssetning); framleiðsla og sala á áburði; framleiðsla og viðskipti með álvörur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 347, 8. 12. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.511 - Texaco/Norsk Hydro, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

94/EES/49/14

Dómur dómstólsins frá 5. október 1994 í máli C-404/92 P: X gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun - starfsmaður sem ráðinn er tímabundið til starfa - læknispróf fyrir ráðningu - afleiðingar þess að neita að fara í eyðni-próf - grundvöllur fyrir þagnarskyldu að því er varðar heilbrigðisástand veiktur).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 5. október 1994 í máli C-23/93 (beiðni um forúrskurð frá Raad van State): TV10 SA gegn Commissariaat voor de Media (frelsi til að veita þjónustu - landslög samin í því skyni að viðhalda fjölþættri útvarpsstöð sem ekki er rekin í ábataskyni).

Dómur dómstólsins frá 5. október 1994 í máli C-323/93 (beiðni um forúrskurð frá franska Cour de Cassation): Société Civile Agricole du Centre d'Insémination de la Crespelle gegn Coopérative d'Élevage et d'Insemination Artificielle du Département de la Mayenne (sæðing nautgripa - svæðisbundinn einkaréttur).

Mál C-246/94: Beiðni um forúrskurð frá Corte Suprema di Cassazione samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 2. maí 1994 í máli Cooperativa Agricola Zootechnica S. Antonio gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato.

Mál C-258/94 P: Máli áfrýjað þann 20. september 1994 af Paulo Branco gegn fyrirmælunum sem gefin voru þann 20. júlí 1994 af fimmtu deild dómstóls Evrópubandalagsins á fyrsta dómstigi í máli T-45/93 milli Paulo Branco og endurskoðunarréttar Evrópubandalaganna.

Mál C-273/94: Mál höfðað þann 30. september 1994 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Hollandi.

Mál C-276/94: Beiðni um forúrskurð frá Kriminal- og Skifteret, Frederikshavn samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 6. október 1994 í máli Anklagemyndigheden gegn Finn Ohrt.

Mál C-310/88 tekið af málaskrá.

Mál C-311/88 tekið af málaskrá.

Mál C-76/94 tekið af málaskrá.

Mál C-136/94 tekið af málaskrá.

Mál C-168/94 tekið af málaskrá.

Mál C-169/94 tekið af málaskrá.

⁽¹⁾ Sjá Stjttð. EB nr. C 331, 26.11.1994.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 94/EES/49/15

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 23. september 1994 í máli T-461/93: An Taisce - The National Trust for Ireland and WWF UK (World Wide Fund for Nature) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (þróunarsjóður - málshöfðun vegna skaðabóta - dómhæfi).

Mál T-298/94: Mál höfðað þann 30. september 1994 af Roquette Frères SA gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-305/94: Mál höfðað þann 5. október af NV Limburgse Vinyl Maatschappij gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-314/94: Mál höfðað þann 7. október 1994 af NV DSM Kunststoffen BV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjóttíð. EB nr. C 331, 26.11.1994.